

Fundargerð 372. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, föstudaginn 13. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson í stað Ástu Pálmadóttur sem boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð var fram til staðfestingar fundargerð 371. fundar frá 16. janúar sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Umhverfisstefna fyrir hafnir - 1409053HA

Lögð voru fram drög að fyrirmynd af umhverfisstefnu fyrir hafnir á Íslandi sem Umhverfis- og öryggisnefnd hafnasambandsins hefur unnið að.

Umhverfis- og öryggisnefnd falið að vinna áfram að verkefninu. Nefndin skal stefna að því að leggja lokaútgáfu af fyrirmynd af umhverfisstefnu fyrir hafnir landsins undir næsta stjórnarfund sem verður föstudaginn 13. mars 2015.

3. Bruni í Sandgerðishöfn - tryggingamál - 1407030HA

Lagt var fram bréf frá Sandgerðishöfn, dags. 4. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir mati stjórnar á niðurstöðu úrskurðarnefndar í tryggingamálum vegna tjóns sem varð á hafnarmannvirkjum í Sandgerði.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum af réttarstöðu hafna í tengslum við tjón af þessu tagi. Ákveðið að athuga hvort hægt sé að láta taka saman upplýsingar um réttarstöðu hafna í tryggingamálum. Formanni falið að útbúa ramma að verkefnalýsingu.

4. Vigtun sjávaraflla - 0901002HA

Gert var grein fyrir fundi með sjávarútvegsráðuneytinu í tengslum við vigtarreglugerðina.

Formaður og Már gerðu grein fyrir viðræðum við ráðuneytið.

5. **Úttekt á áætluðum viðhalds- og nýframkvæmdakostnaði hafnasjóða 2015-2020 - 1502003HA**

Farið yfir stöðu úttektarinnar.

Einungis átta hafnir hafa skilað inn upplýsingum til Hafnasambands Íslands um áætlaðan kostnað við viðhald og nýframkvæmdir á árunum 2015-2020. Stjórn hvetur hafnir til að taka þessar upplýsingar saman og senda á starfsmann hafnasambandsins.
6. **Úttekt á framboði á rafmagni í höfnum - 1501034HA**

Farið yfir stöðu úttektarinnar.

Einungis átta hafnir hafa skilað inn upplýsingum til Hafnasambands Íslands um framboð á rafmagni. Stjórn hvetur hafnir til að taka þessar upplýsingar saman og senda á starfsmann hafnasambandsins.
7. **Frumvarp til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál - beiðni um umsögn - 1502018HA**

Lagður fram tölvupóstur frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 6. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.

Þar sem málefnið varðar ekki hafnirnar beint gerir stjórn Hafnasambands Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.
8. **Frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál - beiðni um umsögn - 1502019HA**

Lagður fram tölvupóstur frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (heildarlög), 427. mál.

Þar sem málefnið varðar ekki hafnirnar beint gerir stjórn Hafnasambands Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.
9. **Skýrsla OECD um samkeppnishæfni hafnaborga - 1501042HA**

Lögð fram skýrsla OECD um samkeppnishæfni hafnaborga.

Til kynningar. Upplýsingar um skýrsluna má nálgast á heimasíðu hafnasambandsins.
10. **Landsskipulagsstefna 2015-2026 - óskað umsagnar - 1412050HA**

Lögð fram tillaga að landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við stefnuna. Starfsmanni falið að senda kaflann sem snertir hafnirnar út á aðildarhafnir.

11. Bréf til SFS vegna úrgangs frá skipum - 1502021HA

Lögð fram drög að sameiginlegu bréfi hafnasambandsins og Umhverfisstofnunar til Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem óskað er eftir samstarfi til að koma á hagkvæmu verklagi í tengslum við úrgang frá skipum.

Starfsmanni falið að koma athugasemdum við bréfið til Umhverfisstofnunar.

12. Úrgangur frá skipum - 1502021HA

Lögð fram gögn frá Umhverfisstofnun sem á að hjálpa hafnarstarfsmönnum við að fara yfir tilkynningar varðandi úrgangsmál.

Til kynningar. Starfsmanni falið að senda upplýsingarnar áfram á aðildarhafnir.

13. Hafnafundur 2015 - 1412012HA

Lögð fram drög að dagskrá fyrir hafnafundinn.

Starfsmanni og fræðslunefnd falið að vinna áfram að undirbúningi.

Fundi var slitið kl. 13:20

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson